

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefnasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is  
Ármúla 5 - 108 Reykjavík  
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0462

Dags. 18.12.2014

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 462. mál á 144. löggjafarþingi**

Meðferð einkamála (flýtimeðferð)

Frumvarp það sem hér er til umsagnar felur í sér tillögu um framlengingu á tímabundinni heimild til flýtimeðferðar dómsmála vegna gengis- og vísitölubundinna lána, til 1. janúar 2016. Nokkur slík dómsmál eru nú til meðferðar á héraðsdómsstigi og má búast við að aðalmeðferð þeirra muni fara fram snemma á næsta ári 2015. Þegar dómur á héraðsstigi liggja fyrir má svo búast við áfrýjun til Hæstaréttar Íslands, sem getur tekið einhverja mánuði til viðbótar. Endanlegir dómur í þeim málum sem nú eru til úrlausnar gætu því legið fyrir um mitt næsta ár ef ekki verða óvæntar tafir. Hinsvegar er rétt að nefna að með hliðsjón af fenginni reynslu vegna gengistryggðra lána er ekki útilokað að svo kunni að fara að einhverjum spurningum verði enn ósvarað og höfða þurfi fleiri mál í kjölfarið til að svara þeim. Það er því ekki víst hvort framlenging um eitt ár muni reynast nægileg.

Til hliðsjónar má benda á að samkvæmt lögum nr. 38/2014 um breytingu á ákvæði til bráðabirgða XIV við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, mun fyrningarfrestur uppfjörskrafna vegna lána með ólögumlega gengistryggingu standa til 16. júní 2018 að óbreyttu. Að mati Hagsmunasamtaka heimilanna mætti að sama skapi lengja gildistíma ákvæðis um flýtimeðferð í frumvarpinu fram til ársins 2018. Er því lagt til að í stað ártalsins "2016" í frumvarpinu komi ártalið "2018".

Hvort sem slík breyting fái hljómgrunn eða ekki, styðja Hagsmunasamtök heimilanna þó markmið frumvarpsins og mælast til að það verði samþykkt. Þá er loks bent á mikilvægi þess að afgreiðslu málsins á Alþingi verði hraðað svo sem kostur er, þar sem núverandi gildistími gildandi ákvæðis mun brátt renna sitt skeið á enda og verður það fallið úr gildi þegar þing kemur saman eftir jól.

Virðingarfyllst, f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is

Pálmei Gísladóttir, varaformadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is